

## GJALDSKRÁ

### kaldavatsnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

#### 1. gr.

##### *Gjaldskylda.*

Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald.

#### 2. gr.

##### *Ráðstöfun gjalda.*

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituf framkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða. Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

#### 3. gr.

##### *Heimæðargjald vatnsveitu.*

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu í janúar ár hvert og er uppfært einu sinni á ári.

<i>Þvermál rörs</i>	<i>Lágmarksgjald</i>	<i>Verð pr. m umfram 30 m</i>
20 mm	480.000 kr.	2.200 kr.
25 mm	500.000 kr.	2.600 kr.
32 mm	540.000 kr.	3.000 kr.

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu. Innifalið í heimæðargjaldi er allt að 30 metra lögn. Ef heimtaug er lengri en 30 metrar bætist við yfirlengdargjald á hvern metra. Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 32 mm er reiknað út hjá vatnsveitunni í hverju tilfelli fyrir sig.

Miðað er við að heimtaug í íbúðarhús sé 32 mm.

Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða að lágmarki kr. 750.000 kr., en miðað er við allt að 200 m heimæð. Reikna þarf umframkostnað í hverju tilviki fyrir sig en landeigandi greiðir þann viðbótarkostnað sem hlýst af tengingu veitu að býli. Miðað er við að heimtaug sé 32 mm og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.

#### 4. gr.

##### *Aukagjöld vegna sérstakra aðstæðna.*

Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna frosts í jörðu og sprengingar á klöpp skal greitt sérstakt álag er nemur 25% sem leggst ofan á heimæðargjald skv. 3. gr. Þurfi að koma til dælingar vegna vatnsaga við lagningu heimæða, skal lóðarhafi greiða eftirfarandi:

Vatnsdæla	1.900 kr./sólarhring
Rafstöð fyrir dælu	2.700 kr./sólarhring

Heimilt er að krefja byggingaraðila um greiðslu ef ídráttarrör vantar eða ídráttarrör reynast ónothæf.

#### 5. gr.

##### *Vatnsgjald.*

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,23% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð. Hámarksálagning fasteigna í fasteignaflokk A verði 65.000 kr. Hámarksálagning fasteigna í fasteignaflokk C verði 170.000 kr. á hverja eign. Lágmarksálagning verði 35.000 kr. fyrir fasteignir í A- og C-flokk. Á þeim lóðum þar sem ekki hefur verið byggt en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald 35.000 kr.

6. gr.

*Gjalddagar.*

- a) *Heimæðargjald:* Gjalddagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við tengingu heimæðar. Gjöldin skulu greidd eða um þau samið innan 20 daga frá gjalddaga.
- b) *Vatnsgjald:* Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

7. gr.

*Tenging við skipulagðar frístundabyggðir.*

Fyrir nýskipulagða frístundabyggð sem tengjast skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 100.000 fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stofnlagnar.

8. gr.

*Greiðsluskilmálar.*

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

9. gr.

*Innheimta o.fl.*

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds. Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

10. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps skv. 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 7. desember 2022, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá kaldavatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, nr. 1209/2019.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 7. desember 2022.*

**Iðá Marsibil Jónsdóttir** sveitarstjóri.

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfudagur: 16. janúar 2023